

## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl haldinn 280. fundur íþróttá- og tómsundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn hjá TBR Gnoðarvogi og hófst kl. 12:20. Mætt voru: Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson varamaður fyrir Tomazs Chrapek, Marta Guðjónsdóttir, Kjartan Magnússon og Hermann Valsson. Jafnframt sátu fundinn: Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur, dags. 9. apríl 2018, vegna mannvirkjamála félagsins. Vísað til sviðsstjóra og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til skoðunar.

2. Fram fer kynning á starfsemi Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur.

Sigfús Ægir Árnason framkvæmdastjóri og Guðmundur Adolfsson formaður taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- 12:55 tekur Dóra Magnúsdóttir sæti á fundinum.

3. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Íþróttá- og tómsundaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að gengið verði til samninga við Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur um hönnun, fjármögnun, framkvæmd og rekstur á tennishúsi á lóð félagsins. Auk TBR þjóni húsið starfandi tennisdeildum borgarinnar, þ.e. Fjölni, Víkingi og Þrótti sem og almennum tennisíðkendum. Vísað er til fyrri samþykktá um málið á vettvangi borgarstjórnar, þ.e. íþróttá- og tómsundaráðs frá 26. janúar 2007 og borgarráðs frá 1. febrúar 2007.

Frestað.

4. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Til að meta stöðu tennisíðkunar í Reykjavíkurborg er óskað eftir tölfræði íðkendaskráningu, kyn, aldur og póstnúmer lögheimilis frá öllum tennisdeildum hverfisíþróttafélaga Reykjavíkurborgar og óskað er eftir því að stjórnendur ÍTR móti tölfræðilega yfirsýn yfir stöðu og þátttöku í tennisíþróttinni í Reykjavík fyrir íþróttá- og tómsundaráð.

5. Fram fer skoðunarferð um húsnaði Tennis- og badmintonfélagsins. Sigfús Ægir Árnason framkvæmdastjóri og Guðmundur Adolfsson formaður sýndu mannvirknið.

Íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Íþróttá- og tómsundaráð þakkaði fyrir greinargóða kynningu og skoðunarferð um mannvirknið og óskaði félaginu velgengi í framtíðinni.

Jafnframt var Skautahöllin skoðuð undir leiðsögn Frímans Ara Ferdinandssonar framkvæmdastjóra Íþróttabandalags Reykjavíkur og Egils Eiðsson rekstrarstjóra.

### Fundi slitið kl. 13:55

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Einarsdóttir  
Hermann Valsson  
Kjartan Magnússon

Bjarni Þór Sigurðsson  
Dóra Magnúsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir